



Niðurstöður hluthafafundar N1 hf. þann 21. október 2014

Hluthafafundur var haldinn í N1 hf. þann 21. október 2014 klukkan 16:00 að Dalvegi 10-14 í Kópavogi. Á fundinum var tillaga um lækkun hlutafjár félagsins um 30%, eða um kr. 300.000.000 að nafnverði samþykkt.

Annað var ekki samþykkt á fundinum.

Nánar um hlutafjárlækkun

Hin samþykta tillaga felur annars vegar í sér að hlutafé félagsins verði fært niður um kr. 300.000.000 að nafnverði og hins vegar að yfirverðsreikningur hlutafjár færist niður um kr. 3.559.628.000, en hluthafar hafa verið hvattir til að kynna sér hugsanleg áhrif hvorrar færslu um sig á virði hlutafjár félagsins.

Samtals verður hlutafé félagsins því lækkað um kr. 3.859.628.000 og mun fjárhæðin verða greidd út til hluthafa félagsins hlutfallslega í samræmi við hlutafjáreign þeirra í félaginu í lok dags þann 28. nóvember 2014, að því gefnu að lögboðnar forsendur fyrir útgreiðslunni liggja fyrir eftir samþykkt tillögunnar, en ella eins fljótt og unnt er eftir að lögboðnar forsendur hafa verið uppfylltar. Félagið mun senda tilkynningu til Kauphallar þegar endanlegar dagsetningar liggja fyrir.

Félagið vill vekja sérstaka athygli á að frá því að nýjar uppgjorsreglur NASDAQ OMX Iceland hf. tóku gildi þann 6. október s.l. er uppgjörstími allra skráðra verðbréfa tveir dagar (T+2) í stað þriggja daga (T+3) svo sem fyrri reglur gerðu ráð fyrir.